

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 37/2010 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<b>Ílátastærð</b>	<b>Sorphirðugjald</b>	<b>Blátunna</b>
	<b>Grátunna</b>	
240 l	11.201 kr.	4.858 kr.
660 l	32.321 kr.	14.872 kr.
1.100 l	53.120 kr.	24.039 kr.

**Grátunna:** söfnun á 14 daga fresti.

**Blátunna:** söfnun á 42 daga fresti.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Bláskógabyggð, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annað en garðaúrgangur, timbur og spilliefni, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

<b>Sorpeyðingargjald</b>	
Íbúðarhúsnæði	14.166 kr.
Frístundahúsnæði	10.888 kr.
Lögbyli	8.208 kr.
Smærri fyrirtæki	12.802 kr.
Stærri fyrirtæki	12.802 kr.

#### 4. gr.

##### *Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við  $m^3$  þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Húsráðanda er heimilt að afsetja á sjö daga fresti heimilisúrgang allt að  $2 m^3$  án gjaldtöku. Gjaldtakan er að lágmarki fyrir  $0,25 m^3$  og hleypur á  $0,25 m^3$  eftir það.

Móttökugjald á einn  $m^3$                       4.000 kr.

#### 5. gr.

##### *Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 9. desember 2010 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 7. janúar 2011. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 55/2010 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

*Bláskógabyggð, 10. janúar 2011.*

**Valtýr Valtýsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2011